



Starfsreglur fyrir Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

1. grein

Sjóðurinn heitir Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs og hefur verið í vörslu Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá árinu 2004.

2. grein

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Sveitarfélaginu Hornafirði, Austur Skaftafellssýslu.

3. grein

Stofnfé sjóðsins var kr. 3.224.696 er Sveitarfélagið Hornafjörður tók sjóðinn til vörslu. Þá var vísitala neysluverðs 281,8 stig.

4. grein

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að taka þátt í að fjármagna kaup á tækjum og búnaði fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Hornafirði.
2. Að stuðla að eflingu heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur Skaftafellssýslu með fjárframlögum í einstök verkefni, þó ekki til almenns rekstrar.

5. grein

Tekjur sjóðsins eru:

1. Gjafir og áheiti til sjóðsins.
2. Sala minningarkorta Skjólgarðs.
3. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
4. Aðrar tekjur.

6. grein.

Stjórn sjóðsins ákveður framlög úr sjóðnum hverju sinni og tekur mið af tekjum sjóðsins árið áður. Komi til stærri verkefna sem ganga verulega á höfuðstól sjóðsins skal leita samþykkis bæjarráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Stofnfé skal þó ávallt halda raunvirði sínu miðað við neysluverðsvísitölu.

7. grein

Opið er fyrir umsóknir í sjóðinn allt árið. Stjórn sjóðsins afgreiðir þær að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti og getur óskað eftir frekari upplýsingum sé þess þörf.

8. grein

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn og 2 til vara. Þeir eru tilnefndir af bæjarstjórn Hornafjarðar í upphafi hvers kjörtímabils.

9. grein

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Ársreikningar skulu áritaðir árlega af endurskoðanda sveitarfélagsins og undirritaðir af stjórn sjóðsins fyrir lok júní og lagðir fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

10. grein

Stjórn sjóðsins skal ávaxta stofnfé og eignir sjóðsins á sem tryggilegastan og arðvænlegastan hátt.



11. grein

Breytingar á starfsreglum þessum má gera ef það er talið nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna eða annarra ríkra ástæðna. Engin breyting á starfsreglum fær þó gildi nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

12. grein

Ef sjóðurinn verður lagður niður þá skulu eignir sjóðsins renna til Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem skal ráðstafa þeim í þágu heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur Skaftafellssýslu með vísan í 4. grein.

Starfsreglur þessar voru endurskoðaðar í stjórn Gjafa- og minningasjóðs þann 23. september 2015.

Samþykkt í bæjarstjórn 1. október 2015

Björn Ingi Jónsson
Bæjarstjóri